



AUSTURLAND

# DAGAR MYRKURS

30. október - 3. nóvember

## REYÐARFJÖRÐUR

### Miðvikudagur 30. október

07:30 Í Leikskólanum Lyngholti verður tekið á móti nemendum úti og leikið með vasaljós fram að morgunmat.

### Fimmtudagur 31. október

Í Leikskólanum Lyngholti verður unnið með með ljós og skugga í leik og starfi. Í Grunnskóla Reyðarfjarðar verður búningadagur, allir hvattir til að mæta svartklæddir eða í hræðilegum búningum.

### Föstudagur 1. nóvember

8:15 Leikskólinn Lyngholti og Grunnskóli Reyðarfjarðar hafa vinadag. Mynduð verður stór vinakeðja og síðan verður sungið og í boði verða kakó og kleinur. Þegar samverustundinni með leikskólanum lýkur munu nemendur á unglíngastigi, í viðburðavali, standa fyrir heimsóknum í draugahús á bókasafninu þar sem nemendum og starfsfólki gefst kostur á að koma og fá leiðsögn um draugalegar slóðir þar sem hræðilegar verur eiga sér samastað.

### 30. október - 3. nóvember

Sesam býður uppá hrekkjavökumöffins.

Starfsmaður Austurbrúar sem heldur utan um Daga myrkurs: Halldóra Dröfn // [dora@austurbru.is](mailto:dora@austurbru.is) // 470-3871

